

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2022

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002 (tímabundið atvinnuleyfi)**

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Félagið hefur að baki mikla og langa reynslu af málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttamanna.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga var lagt fram á 152. löggjafarþingi (201. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú endurflutt á 153. löggjafarþingi (þskj. 28, 28. mál) óbreytt. Með hliðsjón af grundvallarhugsjónum Rauða krossins um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um alþjóðlega vernd og alþjóðlegum fólksflutningum fagnar félagið þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu. Telur félagið að ákvæði frumvarpsins bæti verulega stöðu þeirra útlendinga sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða sérstakra tengsla við landið samkvæmt lögum um útlendinga nr. 80/2016 (hér eftir útl.) en hingað til hafa einungis þeir sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar samkvæmt útl. verið undanþegnir kröfu um tímabundið atvinnuleyfi hér á landi. Samkvæmt núgildandi lögum um atvinnuréttindi útlendinga þurfa framangreindir dvalarleyfishafar að sækja um atvinnuleyfi með sérstakri umsókn ef þeir ætla að stunda atvinnu hér á landi. Með breytingunni myndi slíkt atvinnuleyfi fylgja dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða og sérstakra tengsla við landið og fagnar félagið því.

Að öðru leyti telur Rauði krossinn ekki þörf á að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
Framkvæmdastjóri.

